

Kosning fulltrúa á Kirkjubing – kynning

Ágætu kjörfulltrúar.

Ég heiti Hjörleifur Þórarinsson og gef kost á mér til sætis varamanns leikmanna í Kjalarnessprófastsdæmi fyrir næsta kjörtímabil kirkjubings.

Ég er 62 ára og kvæntur Bergþóru Baldursdóttur sjúkraþjálfara og börn okkar eru þrjú. Foreldar mínir voru þau Sigrún I. Sigurbórsdóttir og Þórarinn Þórarinsson guðfræðingur og skólastjóri á Eiðum.

Ég er menntaður lyfjafræðingur og hef starfað á vettvangi lyfjamála frá því ég kom heim frá námi í Kaupmannahöfn 1984. Í dag veiti ég forstöðu fyrirtækinu Lyfjaauðkenni ehf. og er meginviðfangsefni starfsins að koma í veg fyrir að fölsuð lyf komist í umferð og til sjúklinga.

Ég hef um árabil starfað sem sjálfboðaliði í kirkjulegu starfi í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði. Ég hef verið formaður sóknarnefndar frá árinu 2011 og er einn fulltrúa Kjalarnessprófastsdæmis í Leikmannastefnu Þjóðkirkjunnar. Í Víðistaðakirkju starfa ég einnig sem messuþjónn og syng í kór kirkjunnar.

Ég tel að starfið á þessum vettvangi hafi gefið mér góða innsýn í umhverfi og áskoranir í kirkjulegu starfi um leið og það hefur vakið áhuga á hlutverki og mikilvægi Kirkjubings.

Af öðrum félagsstörfum má helst nefna að ég starfa í Oddfellowreglunni og útivera og hreyfing er mér líka hugleikin.

Með nýjum lögum um þjóðkirkjuna hafa orðið straumhvörf í starfi og skipulagi kirkjunnar. Kirkjubing hefur nú fjárveitingarvald þeirra fjármuna sem kirkjujarðasamkomulagið tryggir Þjóðkirkjunni. Prestar eru ekki lengur opinberir embættismenn heldur starfsfólk sjálfstæðs trúfélags sem enn hefur þó skyldur gagnvart almenningi um allt land. Skoða þarf einföldun regluverks og móta stefnu nútíma kirkju þannig að hún hafi sterka samfélagslega skírskotun. Á sama tíma þarf að halda rekstri innan þeirra marka sem fjárhagnum eru sett hverju sinni.

Í þessu starfi vil ég leggja mitt lóð á vogarskálar og gef því kost á mér í sæti varamanns á Kirkjubingi.

Hafnarfirði, 30. apríl 2022

Hjörleifur Þórarinsson